

# Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi 21. maí 2022

## á Grand hótél, Reykjavík

Aðalfundur hófst kl. 9:05

### Setning fundarins

1. Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi var formlega settur af Sveini Kristinssyni, formanni Rauða krossins á Íslandi, laugardaginn 21. maí 2022.
2. Sveinn Kristinsson kynnti nýja formenn fyrir fundinum.  
Nýir formenn 2021-22:
  - Magnús Már Jakobsson, Rauða krossinum í Bolungarvík
  - Ágústa Guðmundsdóttir, Rauða krossinum í Dýra- og Öundurafirði
  - Bergljót Halldórsdóttir, Rauða krossinum á Ísafirði
  - Edda Björk Hjörleifsdóttir, Rauða krossinum í Árnessýslu
  - Genka Krasteva G. Yordanova, Rauða krossinum í Súðavík
  - Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir, Rauða krossinum í Hornafirði
  - Guðrún Margrét Björnsdóttir, Rauða krossinum í Fjarðabyggð
  - Helga Guðný Kristjánsdóttir, Rauða krossinum í Súgandafirði
  - Hlíf Hrólfsdóttir, Rauða krossinum í Strandasýslu
  - Hulda Dóra Eysteinsdóttir, Rauða krossinum í Rangárvallasýslu
  - Jensína Lýðsdóttir, Rauða krossinum á Skagaströnd
  - Jón Ásgeirsson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu
  - Margrét Guðmundsdóttir, Rauða krossinum á Kirkjubæjarklaustri
  - Sigmar Georgsson, Rauða krossinum í Vestmannaeyjum
  - Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir, Rauða krossinum í Þingeyjarsýslu
  - Sigurður Ólafsson, Rauða krossinum í Dala- og Reykhólahrepp
  - Sólborg Una Pálsdóttir, Rauða krossinum í Skagafirði
  - Sveindís Lea Pétursdóttir, Rauða krossinum í Húnavatnssýslu
  - Tinna Ýr Gunnarsdóttir, Rauða krossinum í Snæfellsbæ

### Aðalfundarstörf skv. 7. gr. laga Rauða krossins á Íslandi

1. Fundarstjóri kosinn, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, tók hann við stjórn fundarins. Varafundarstjóri kosinn, Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Alþingis.
2. Fundarritari kosinn, Margrét Gíslínudóttir, starfsmaður Rauða krossins.
3. Fundarstjóri úrskurðaði um lögmæti fundarins og fékk samþykki vegna hljóðupptöku. Mættir voru 63 kjörnir fulltrúar frá 16 deildum, þar af 60 með atkvæðisrétt. Ákvörðun um að gera undanþágu vegna varaaðalfundarfulltrúa var borin undir fundinn og nöfn þeirra lesin upp, enginn gerði athugasemd við lögmæti fundar. Fundurinn því lögmætur og ákvörðunarbær.
4. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Hefðbundin aðalfundarstörf, farið í lagabreytingar og efnisleg atriði um starfsemi félagsins. Gengið var til dagskrár.

5. Fundargerð aðalfundar 23. maí 2020 lögð fram til umræðu. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta aðalfundar.
6. Sveinn Kristinsson flutti skýrslu stjórnar um starf Rauða krossins á Íslandi tvö síðastliðin ár og var hún lögð fram til umræðu.  
Enginn tók til máls.
7. Endurskoðaðir reikningar tveggja síðustu ára voru lagðir fram til afgreiðslu, Hrund Snorradóttir gjaldkeri stjórnar kynnti og lagði fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.  
Enginn tók til máls.  
Ársreikningur 2020 **samþykktur samhljóða**.  
Ársreikningur 2021 **samþykktur samhljóða**.

#### Tillögur stjórnar til næstu tveggja ára

1. Tillaga stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins næstu tvö ár. Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri kynnti og lagði fram til umræðu.
  - a. Neyðarvarnir
  - b. Alþjóðasamstarf
  - c. Flóttafólk og farendur
  - d. Fjáröflun, fyrirtækjasamstarf og fataverkefni
  - e. Stafræn vegferð og gæðastjórnunEnginn tók til máls.
2. Tillaga stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár, sbr. 12. gr., 1. og 2. mgr. Hrund Snorradóttir gjaldkeri kynnti.
  - a. Sameiginlegir tekjustofnar:
    - i. Sameiginlegir tekjustofnar eru annars vegar tekjur frá Íslandsspilum af **söfnunarkössum** og hins vegar hagnaður af framlögum **Mannvina**.
  - b. Skipting tekna af söfnunarkössum:
    - i. Tekjur af söfnunarkössum eru greidd framlög Íslandsspila til Rauða krossins.
    - ii. Skipting tekna af söfnunarkössum árin 2023 og 2024 skal vera eftirfarandi:
      1. 3% fer til **Sjúkrabílasjóðs**
      2. 15% fer til **deilda** og skiptist í samræmi við íbúafjölda 31. desember árið áður. Þó skal framlag til einstakra deilda vera að lágmarki 500.000 krónur.
      3. 15% fer til **Verkefnasjóðs**
      4. 23% fer til **alþjóðlegs hjálparstarfs**
      5. 44% fer til **landsskrifstofu** í innanlandsstarf og almennan rekstur
  - c. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina
    - i. Hagnaður af framlögum Mannvina reiknast sem allar greiðslur frá Mannvinum að frádregnum öllum kostnaði við þá fjáröflun, þ.m.t. söfnun, innheimtu og umsýslu með fjáröfluninni.
    - ii. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina árin 2023 og 2024 skal vera eftirfarandi:
      1. 10% fer til **Verkefnasjóðs**
      2. 45% fer til **innanlandsstarfs landsskrifstofu**
      3. 45% fer til **alþjóðlegs hjálparstarfs**

3. Innsend tillaga barst fundinum frá Árna Gunnarssyni, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu sem gengur lengra en tillaga stjórnar og kveður á um að uppsafnað fjármagn skuli nema sömu fjárhæð og hreint eigið fé deildar skv. samþykktum ársreikningi hennar undanfarið ár.

4. Til máls tóku:

- a. Þorsteinn Árnason, Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Ívar Kristinsson, Stjórn Rauða krossins á Íslandi.
- c. Sigríður Stefánsdóttir, Rauði krossinn við Eyjafjörð.
- d. Edda Björk Hjörleifsdóttir, Rauða krossinn í Árnessýslu.

**Ákvörðun um tillögu stjórnar: Samþykkt samhljóða**

**Ákvörðun um breytingartillögu: Felld með 43 atkvæðum, 10 greiddu atkvæði með tillögunni.**

5. Tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald næstu tvö árin, þ.e. 3.900 kr. á ári, Hrund Snorradóttir gjaldkeri kynnti.

Enginn tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt samhljóða.**

6. Tillögur að breytingum á lögum Rauða krossinn á Íslandi lagðar fram til umræðu og afgreiðslu. Elín Ósk Helgadóttir, stjórnarmaður Rauða krossins á Íslandi, kynnti tillögu.

Tillaga um lagabreytingu borin upp til kosninga. 53 atkvæði voru greidd. Já sögðu: 53. Enginn á móti.

Ákvörðun: **Tillaga stjórnar um lagabreytingu telst samþykkt.**

2/3 atkvæða þurfti til að samþykkja tillöguna og telst hún því **samþykkt** með tilskildum meirihluta.

7. Innsendar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fyrir fundinn sem er stefnumið en hefur ekki áhrif á lög félagsins. Gunnar Frímannsson, Rauði krossinn við Eyjafirði, kynnti tillögurnar sem eru svohljóðandi:

- a. Félagið haldi aðalfund á hverju ári en geti haldið fundina með fjarfundabúnaði annað hvert ár.
- b. Framboðsfrestur til stjórnar Rauða krossins á Íslandi renni út tveimur vikum fyrir aðalfund.

Til máls tóku:

- c. Elín Ósk Helgadóttir, stjórn Rauða krossins á Íslandi
- d. Valgerður Bláklukka Fjölinsdóttir, Rauði krossinn í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi
- e. Silja Bára R. Ómarsdóttir, stjórn Rauða krossins á Íslandi
- f. Karólína Stefánsdóttir, Rauði krossinn í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi
- g. Haukur Valsson, Rauði krossinn á Vesturlandi
- h. Sveinn Kristinsson, stjórn Rauða krossins á Íslandi
- i. Halldór Valdimarsson, stjórn Rauða krossins á Íslandi

**Ákvörðun um tillögu A: Já sögðu 18, nei sögðu 32. Tillagan var felld.**

**Ákvörðun um tillögu B: Já sögðu 47, nei sögðu 5. Tillagan var samþykkt.**

8. Sveinn Kristinsson formaður Rauða krossins á Íslandi minntist látinna félaga síðustu tveggja ára.

## Kosning stjórnar

Gunnar Frímansson, fulltrúi kjörnefndar gerði grein fyrir vinnu og tillögum kjörnefndar.

Tillögur kjörnefndar voru svohljóðandi:

1. **Kosning formanns til fjögurra ára.**

Silja Bára R. Ómarsdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kosin formaður Rauða krossins á Íslandi til næstu fjögurra ára.

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

2. **Kosning varaformanns til tveggja ára.**

Sigríður Stefánsdóttir, Rauða krossinum við Eyjafjörð, verði kosin varaformaður Rauða krossins á Íslandi til næstu fjögurra ára.

Fundinum barst móttframboð frá Ívari Kristinssyni og frambjóðendur til varaformanns ávörpuðu fundinn og kynntu sig. Gengið var til kosninga í kjölfarið og hlaut Ívar Kristinsson **24 atkvæði**, Sigríður Stefánsdóttir **33 atkvæði** og **auð atkvæði voru 2**.

**Ákvörðun: Tillaga kjörstjórnar var samþykkt samhljóða.**

3. **Kosning fimm stjórnarmanna til fjögurra ára.**

Fundarstjóri kynnti tillögur kjörstjórnar.

Ívar Kristinsson, Rauði krossinn í Hafnarfirði, Garðabæ- og Kópavogi.

Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Rauði krossinn í Múlasýslu.

Sigurjón Haukur Valsson, Rauði krossinn á Vesturlandi.

Símon Friðrik Símonarson, Rauði krossinn í Barðastrandasýslu.

Valgerður Bláklukka Fjölisdóttir, Rauði krossinn í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi.

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

4. **Kosning tveggja varamanna í stjórn til tveggja ára.**

Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Rauði krossinn á Klaustri, verði kjörin í varastjórn

Unnsteinn Ingason, Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu, verði kjörinn í varastjórn

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

Aðrar tillögur voru svohljóðandi:

5. **Kosning skoðunarfyrtækis til tveggja ára**

Grant Thornton.

Enginn tók til máls.

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

6. **Kosning tveggja aðalmanna í kjörnefnd til fjögurra ára og tveggja varamanna í kjörnefnd til tveggja ára.**

Jóhannes Rúnar Jóhannsson kynnti tillögu stjórnar til kjörstjórnar

- Hrund Snorradóttir, formaður kjörnefndar, Reykjavík
- Gunnar Frímansson, Akureyri
- Guðrún Vala Elísdóttir, Borgarnesi
- Helga Gísladóttir, Barðaströnd

Varamenn í kjörstjórn

- Sveinbjörn Finnsson, Reykjavík
- Solveig Friðriksdóttir, Fjarðabyggð

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

**7. Kosning siðanefndar.**

Ragnar Þorvarðarson, sendiráðsritari hjá fastanefnd Íslands hjá SP.

Magnús Árni Magnússon, dósent við Háskólann á Bifröst.

Valborg Snævarr, hrl.

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

8. Tillaga stjórnar um að nýjar verklagsreglur kjörnefndar verði samþykktar með þeim fyrirvara að breytingar þurfi að eiga sér stað fyrir aðalfund 2024 í samræmi við nýsamþykktar lagabreytingar.

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða**

**Önnur mál**

- Silja Bára R. Ómarsdóttir kynnti tímasetningu komandi funda:
  - Formannafundur 5. nóvember 2022.
  - Sjálfboðaliðaðing 6. maí 2023.
  - Aðalfundur 4. maí 2024.
- Hörður Bragason, Rauði krossinn í Hafnafirði, Garðabæ og Kópavogi tók til máls og vakti athygli á mikilvægi þess að efla neyðarvarnir, halda áætlunum uppfærðum, skipuleggja reglulegar æfingar og hvetja sjálfboðaliða til að mæta.
- Hrund Snorradóttir, stjórn Rauða krossins á Íslandi, tók til máls og vakti athygli á fé sem safnast hefur vegna breytinga á skattaumhverfi. Tillaga lögð fram um að þessi upphæð sameinist varasjóði.

**Ákvörðun: Samþykkt samhljóða.**

- Sveinn Kristinsson, fráfari formaður stjórnar Rauða krossins á Íslandi tók til máls og þakkaði fyrir sig ásamt því að þakka fráfari stjórnarfólki stjórnarsetuna.
- Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, tók til máls og þakkaði fráfari formanni og stjórnarfólki stjórnarsetuna.
- Fundarstjóra aðalfundar, Jóhannes Rúnari Jóhannssyni, þakkað fyrir fundarstjórn.

*Nýkjörinn formaður Rauða krossins á Íslandi, Silja Bára R. Ómarsdóttir, sleit aðalfundi Rauða krossins á Íslandi kl. 14:00 og þakkaði fundarfólki fundarsetu og starfsfólki fundarins fyrir sín störf.*

---

Silja Bára R. Ómarsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi  
kt. 230471-5179

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, fundarstjóri  
kt. 251264-4819

---

Margrét Gíslínudóttir, fundarritari  
kt. 010888-2989